

JÓN KRISTJANSSON  
1979

Aldursgreining á hreistri af vatnasvæði Reykjadalsár.

Veiðimálastofnuninni hafa borist hreisturssýni úr laxi veiddum á vatnasvæði Reykjadalsár. Niðurstöður aldursgreiningar eru sýndar í töflu 1. 43 fiskar veiddust í Vestmannsvatni, 9 í Eyvindarlæk og 132 í Reykjadalsá. 15 fiskanna sem veiddust í Vestmannsvatni höfðu dvalið 2 ár í fersku vatni og 1 ár í sjó og varla er nokkur vafi á að þeir eru komnir frá sleppingu sumaraldrá seiða í vatnið sumarið 1975. Þetta sést greinilega af hreistrum og hef ég ekki áður séð svo góðan vöxt í laxahreistri. Hlutfall þessara fiska í afla er 35% í Vestmannsvatni, 44% í Eyvindarlæk og um 10% í Reykjadalsá. Þessi dreifing fiskanna rennir einnig stoðum undir fyrrnefnda tilgátu. Ef sýnataka úr Vestmannsvatni hefur verið raunhæf (random sampling) þýðir það að um 2,3% af seiðasleppingunni hafi komið fram í veiði árið 1978. (veiði áætluð 300 laxar, slepping 4500 sumarialin seiði). Nokkuð mun bætast við í veiðinni 1979.

Sé gert ráð fyrir að veiðst hafi um helmingur göngunnar og endurheimtur tveggja ára lax úr sjó 1979 verði helmingur á við 1978, þá verða heildarheimtur laxa úr þessari sleppingu um 7%, sem verður teljast frábær árangur.

Mjög erfitt er að fullyrða hvort lax hafi verið eldisgöngu-seiði út frá hreistri hans, en mun auðveldara er að fullyrða hið gagnstæða, þ.e. að halda því fram að tiltekinn lax stafi ekki frá gönguseiðasleppingu. Þegar þessi hreisturslesning var gerð, var ekki "leitað" að aligönguseiðum sérstaklega, en nokkur hreistur sýndu þess merki að þau gætu verið frá slíkum seiðasleppingu. Með nokkrum er átt við ca 3-5 fiska.

Hreistursrannsóknirnar sýna að rétt er að halda áfram sleppingu alinna smáseiða í Vestmannsvatn. Varðandi hve miklu væri rétt að sleppa þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um það. Vatnið er 240 ha. Miðað við að það geti gefið af sér 1 kg af 20 g. gönguseiðum á hvern hektara á ári, verður fjöldi þeirra 12000 sem gætu líklega gefið um 1800 laxa göngu (15% endurheimta) Gert er ráð fyrir að í það þurfi ca 25000 smáseiði. Best er að sleppa seiðunum sem fyrst eftir að vatnið fer að hlýna, og það er skilyrði að þau hafi þá verið alin í 2-4 vikur. Nú er ekki vitað um framleiðslugetuna, hvort hún er meiri eða minni en 1 kg/ha. Rétt er að benda á, að silungsveiði í vatninu

hefur verið 12-14 kg/ha/ár undanfarin ár. Tel ég því rétt að miðað við að sleppa 30000-100000 seiðum árlega í vatnið ef unnt er. Veiðimálastofnunin hefur áætlað að gera rannsóknir á silungi í Vestmannsvatni í sumar.

Með bestu kveðju,

Jón Kristjánsson, fiskifræðingur.

Tafla 1. Aldursdreifing lax úr Vestmannsvatni, Eyvindarlæk og Reykjadalssá.

aldur í fv. ár.	Vestmannsvatn			Eyvindarlækur			Reykjadalsá		
	Ár í sjó			Ár í sjó			Ár í sjó		
	Hægar	Hrygnur		Hægar	Hrygnur		Hægar	Hrygnur	
2	1	2		1	2	3	1	2	3
3	2	2		3	1	1	9		3
4	8	2		1	1		39	7	2
	1	2		1	1		18	1	1
26	1	12	4	5	1	2	66	8	3
									31
									23
									1

Meðallengd cm.	Hægar	Hrygnur
1 árs úr sjó	63,8	61,7
2 ára úr sjó	84,4	79,9
3 ára úr sjó	88,5	